

✉ Re: Umsögn óskast - Fiskeldi á landi - Tillaga að breyttu Aðalskipulag Vestmannaeyja, deiliskipulagi Viðlagafjöru og umhverfismat áætlana

Búið til	1.11.2022 09:01:14
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	1.11.2022 09:01:13
Tilheyrir	📁 202209-0028 - Fiskeldi á landi, Aðalskipulag Vestmannaeyjar, Viðlagafjöru og umhverfismat áætlana - deiliskipulag

## Efni

Re: Umsögn óskast - Fiskeldi á landi - Tillaga að breyttu Aðalskipulag Vestmannaeyja, deiliskipulagi Viðlagafjöru og umhverfismat áætlana

## Upplýsingar

## Vinnsla

Sent	1.11.2022 09:01:13	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

## Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

## Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202209-0028 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, dags. þann 28. september 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsta tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna fiseldis í Viðlagafjöru og um nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna þessara skipulagsbreytinga þann 16. september 2021 og um tillögu á vinnslustigi þann 8. júní 2022. Náttúrufræðistofnun hefur einnig veitt umsögn til Skipulagsstofnunar um umhverfismat fiskeldisins, nú síðast um umhverfismatsskýrsluna þann 5. október 2022. Náttúrufræðistofnun hefur því nú þegar komið mörgum athugasemdum á framfæri um málið og er vísað í þessar fyrri umsagnir.

Í umsögninni um skipulagstillögunar á vinnslustigi komu m.a. fram ábendingar um að vegna mikillar nálægðar skipulagssvæðisins við hverfisverndarsvæði m.a. Þorbjörn þar sem eru leifar af gígbarmi Eldfellsins sem brotnaði frá og fluttist með hraunflæði til sjávar, er afar mikilvægt að gengið sé um

nágrennis svæðisins af varfærni þannig að verndargildi þessara jarðminja og landslags rýrist ekki um of. Einnig var bent á að vegna sléttunar á svæði I-3 muni bratti að orbirni aukast töluvert. Það gæti aukið hættu á hruni úr fjallinu.

Aðrar ábendingar vörðuðu m.a. það að útskýra þyrfti betur hvort raflínur væru allar í jörðu eða hvort gert væri ráð fyrir einhverjum raflínum. Einnig var bent á að til að hækka og færa náttúrulegan fjörुकamb myndi þurfa umtalsverða efnisflutninga og mögulegt væri að rofhætta gæti aukist. Skýra þyrfti betur hvernig brimvarnir ættu að virka.

Þá var bent á að þrátt fyrir umtalsverða minnkun á efnistökusvæði E-1 er áfram gert ráð fyrir umtalsverðri starfsemi þar s.s. móttöku efnis, endurvinnslu og geymslu sem og staðsetja iðnaðarstarfsemi því tengt. Erfitt er að sjá að hægt sé að koma þessu öllu fyrir en samt viðhalda góðri ásýnd á svæðinu.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatskýrsluna kom fram að stofnunin tæki ekki undir niðurstöðu umhverfismatsins um að áhrif á landslag og sjónræn áhri verði jákvæð, því þótt farið verði í tiltekt á svæðinu þá mun tilkoma stórra áberandi bygginga og annara mannvirkja gjörbreyta ásýnd svæðisins og færa það enn fjær náttúrulegu ástandi. Ásýnd nálægra jarðminja og eldsumbrotalandslags mun jafnframt breytast. Einnig kom fram að við framkvæmd á aðkomuvegi yrði að forðast að valda óþarfa raski á eldhrauni sem fellur undir sérstaka vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Þá var bent á að umfjöllun um ljósmengun væri lítil og bregðast yrði við því ef lýsing á svæðinu myndi draga að sér lundapysjur og unga skrofu, sjósvölu, stormsvölu og fýls síðsumars og á haustin þegar þeir fljúga úr hreiðrum.

Brugðist er við ýmsum af þeim atriðum sem Náttúrufræðistofnun hefur minnst á í umsögnum sínum, sér í lagi í skilmálum deiliskipulagsins. Meðal annars er skilmáli um að skering úr hlíðum Þorbjarnar megi ekki hafa áhrif á landslag hverfisverndarsvæðisins og aldrei vera meiri en 45°. Þá eru skilmálar um hönnun og efnisval mannvirkja og um umgengni og frágang innan lóða settir fram í deiliskipulagi og eru ágætlega ítarlegir. Þeir eiga að draga úr neikvæðum ásýndaráhrifum. Meðal annars er lagt til að ákveðnir litir verði notaðir sem falli betur inn í landslagið sem er jákvætt. Fjallað er um lýsingu og að allir ljósgjafar utanhúss eigi að vera glýjufríir og beina ljósdreifingu niður. Þá má ekki hafa kveikt á flóðlýsingu á kvöldin og nóttunni. Mikilvægt er að lagt sé mat á hvort þetta fyrirkomulag sé heppilegt varðandi áhrif á fugla.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Dagný Hauksdóttir" <dagny@vestmannaeyjar.is>

**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

**CC:**

**Subject:** Umsögn óskast - Fiskeldi á landi - Tillaga að breyttu Aðalskipulag Vestmannaeyja, deiliskipulagi Viðlagafjöru og umhverfismat áætlana

**Date:** 28.9.2022 10:44:39

Góðan dag,

Bæjarráð Vestmannaeyja samþykkti þann 27. júlí 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna fiskeldis í Viðlagafjöru í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti 15. september að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir svæðið í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/. Umhverfismatskýrslu fyrir skipulagsáformin er einnig til auglýsingar með gögnunum.

Viðlagafjara er á svæði austast í Vestmannaeyjum sem myndaðist í Heimaeyjargosinu 1973. Í fjörunni hefur um nokkur skeið verið efnistökusvæði þar sem unninn er sandur úr fjörunni og rauðmöl- og gjall numið. Með fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verður stærstur hluti svæðisins skilgreint sem iðnaðarsvæði og fyrirhugað að þar komi fiskeldi. Svæðið er einnig stækkað til suðvesturs þar sem nú er jarðefna pittur.

Deiliskipulags tillagan gerir ráð fyrir tveim lóðum. Fyrirtækið Icelandic Land Farmed Salmon (ILFS) hefur fengið vilyrði frá Bæjarstjórn Vestmannaeyja um nýtingu á lóðunum til fiskeldis. Á annarri lóðinni hefur fyrirtækið þegar hafið hönnunarvinnu og er fyrirkomulag og kvaðir þeirrar lóðar því skilgreindar í tillögu deiliskipulagsins. Í deiliskipulagi er einnig gert ráð fyrir svæði til norðurs þar sem áfram verður hægt að vinna sand úr fjörunni.

Umhverfisskýrsla hefur verið unnin til að meta áhrif þessara áætlana á helstu umhverfisþætti. Umhverfisskýrslan metur þrjá valkosti, 1) Fiskeldi í Viðlagafjöru, 2) 0-kost, og 3) Fiskeldi á athafnarsvæði vestan við Viðlagafjöru AT-2 (sem var tilgreint sem valkostur í Aðalskipulagi).

Fiskeldi í Vestmannaeyjum er talið geta skotið stoð undir þjónustu og vinnslu útgerðar á svæðinu. Breyting styður við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja um öflugt atvinnusvæði þar sem sjávarútvegurinn er meginstoðin og að aðstaða þessara greina verði eins og best getur orðið. Breytingin er einnig í samræmi við markmið aðalskipulagsins um svæði fyrir fiskeldi á landi, en núverndi staðsetning þykir fýsilegri kostur en þeir sem tilgreindir voru.

Tillaga að aðalskipulagsbreytingu, tillaga að nýju deiliskipulagi og umhverfismatskýrsla áætlana eru aðgengileg á eftirfarandi vefslóð: [https://drive.google.com/drive/folders/1D26t37zY\\_xMFHLz1M1264uYpmt-J5Uo?usp=sharing](https://drive.google.com/drive/folders/1D26t37zY_xMFHLz1M1264uYpmt-J5Uo?usp=sharing) ([https://eur05.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fdrive.google.com%2Fdrive%2Ffolders%2F1D26t37zY\\_xMFHLz1M1264uYpmt-J5Uo%3Fusp%3Dsharing&data=05%7C01%7Cdagny%40vestmannaeyjar.is%7Cd8d2b718af364b9c3dda08daa085dfb6%7C005f4a00e7984ab890e064fd8de2f495%7C0%7C0%7C637998794087339269%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEkaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=xCjcfzjTLJR1Qz6jEaYN3GYVhmoZKfNdPoJ%2BOi8ZE58%3D&reserved=0](https://eur05.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fdrive.google.com%2Fdrive%2Ffolders%2F1D26t37zY_xMFHLz1M1264uYpmt-J5Uo%3Fusp%3Dsharing&data=05%7C01%7Cdagny%40vestmannaeyjar.is%7Cd8d2b718af364b9c3dda08daa085dfb6%7C005f4a00e7984ab890e064fd8de2f495%7C0%7C0%7C637998794087339269%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEkaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=xCjcfzjTLJR1Qz6jEaYN3GYVhmoZKfNdPoJ%2BOi8ZE58%3D&reserved=0))

Gögnin má einnig finna á skipulagsvefsjá Vestmannaeyjabæjar <https://www.vestmannaeyjar.is/mannlif/frettir/skipulagstillogur-vegna-fiskeldis-i-vidlagafjoru> (<https://www.vestmannaeyjar.is/mannlif/frettir/skipulagstillogur-vegna-fiskeldis-i-vidlagafjoru>).

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir 1. nóvember 2022.

Kær kveðja,

Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Vestmannaeyjabær

S 488 2530

Netfang: [dagny@vestmannaeyjar.is](mailto:dagny@vestmannaeyjar.is) (<mailto:dagny@vestmannaeyjar.is>)

[www.vestmannaeyjar.is](https://www.vestmannaeyjar.is) (<https://eur05.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.vestmannaeyjar.is%2F&data=05%7C01%7Cdagny%40vestmannaeyjar.is%7C9969e4637e7e4d8ced7c08da6b0fe472%7C005f4a00e7984ab890e064fd8de2f495%7C0%7C0%7C637940013239916656%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEkaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=rzoxA0GGXgx1f7R5AxFhVCwjakXfsGpm4tBT825gEiY%3D&reserved=0>)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (<http://www.althingi.is/altext/stjt/1999.107.html>) (<https://eur05.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.althingi.is%2Faltext%2Fstjt%2F1999.107.html&data=05%7C01%7Cdagny%40vestmannaeyjar.is%7C9969e4637e7e4d8ced7c08da6b0fe472%7C005f4a00e7984ab890e064fd8de2f495%7C0%7C0%7C637940013239916656%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEkaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=rzoxA0GGXgx1f7R5AxFhVCwjakXfsGpm4tBT825gEiY%3D&reserved=0>)

C0%7C637940013239916656%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoimC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJB  
Til6lk1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=akqzUyw1rUjtjWteT2rpy9ImQD32RKjC8cO0L4  
QAN3Q%3D&reserved=0) ) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður. This  
message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual  
and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message  
and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any  
action based on it, is strictly prohibited.